

Fundur skólaráðs miðvikudaginn 5. febrúar kl. 8.20.- 9.10

Mættir voru: Edda Lína og Helga Rut fulltrúar foreldra, Emilía Sif og Breki Rafn fulltrúar nemenda. Ólafur og Stella fulltrúar kennara, Elín Dóra fulltrúi starfsmanna. Hafdís Bára og Margrét skólastjórnendur.

Endurbætur á skólalóð.

Skólastjóri sagði frá fyrsta áfanga á endurnýjun leiksvæðis á skólalóðinni. Byrjað verður á þessum áfanga í byrjun júní og þbívverki á að ljúka í byrjun september. Leiktæki og undirlag verður endurnýjað nema eitt leiktæki verður notað áfram en það er klifurgrind sem foreldrafélagið gaf fyrir nokkrum árum. Nemandi kom með tillögu um að hafa að hluta til lokaða rennibraut og bæta við rólusetti, það sé mikil ásókn í þær. Foreldri benti á að passa þarf upp á að það sé góð lýsing á svæðinu. Fyrirhugað er að hitta rýnihóp nemenda og fara yfir tillöguna. Fleiri pókóvelli vantar, laga þarf núverandi völl og setja mörk á stóra grasvöllinn. Síðar munu nemendur koma að því að vinna hugmyndir fyrir önnur svæði skólans. Skólastjóri leggur áherslu á að allt svæðið við skólann verðir skoðað sem heild og aðkeyrsla og aðkoma að skólanum verði líka endurskoðuð.

Félagsstarf í 7. bekk.

Ólafur umsjónarkennari í 7. bekk sagði frá opnun félagsstarfs/miðstöðvar fyrir nemendur í sjöunda bekk í þar síðustu viku. Hún verður opin einu sinni í viku. Nemendur komu að gerð dagskrár og völdu nafnið Dropinn. Félagsstarfið hefur aðstöðu í frístundaheimilinu Regnboganum og hefur farið mjög vel af stað.

Skólastarf á vorönn.

Skólastjóri kynnti skólastarf á vorönn. Áformað er að fara í Bláfjöll í næstu viku með 4. - 7. bekk en það er ólíklegt vegna veðurs og aðstæðna í Bláfjöllum. Reyna á aftur síðar í febrúar. Stóra upplestrarkeppnin í 7. b. verðu rhalðið 8. maí. Barnamenningarhátíð í Garðabæ verður á dagskrá í lok apríl og marfir dagskrárliðir eru í boði fyrir nemendur í Hönnunarsafninu og á bókasafninu. Kynning verður frá netumferðarskólanum fyrir 5. bekk. Í maí verður einn vorferðardagur í hverjum árgangi.

Nemendastýrð foreldrasamtöl.

Rætt var um nemendastýrðu samtölin sem gengu vel. Annar foreldrafulltrúinn spurði hvort hægt væri að vera með annað nemendastýrt og hitt foreldrastýrt. Aðstoðarskólastjóri svaraði því til að gerð hefði verið könnun hjá bæði kennurum og öllum foreldrum skólans eftir bæði viðtölin í fyrra og yfirgnæfandi meirihluti vildi halda áfram með bæði viðtölin nemendastýrð. Sem dæmi voru 24 af 27 kennurum sem vildi hafa þau bæði nemendastýrð.

Önnur mál.

Engin erindi bárust fyrir fundinn en fram kom að foreldra hafa áhuga á að ræða um símanotkun og reglur þar að lútandi. Það verður gert á næsta fundi.

Fundargerð skráð af Margréti Einarsdóttur

